

Ár 1912, mánudaginn 30. sept.

Nr. 28/1912

Réttvísinn  
 gegn  
 Jóni Jónssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, uppkeðnum 25. marzmán. þ. á., var hinn ákærði, Jón Jónsson húsmáður í Vinaminni á Bakka í Bakkadal í Dalahreppi, dæmdur fyrir nauðgunartilraun við dóttur sína, til þess samkvæmt 162. gr. og 169. gr., sbr. 46. gr. almennra hegningarlaga að sæta 1 árs betrunarhússvinnu og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til talsmanns síns þar, Magnúsar prests Þorsteinssonar, 5 krónur. En þessum dómi hefir, eftir ósk ákærða, verið skotið til landsyfirdómsins.

Á heimili ákærða, Vinaminni á Bakka, hefir verið hjá honum kona hans og dóttir þeirra hjóna, Kristjana að nafni, 19 ára gömul, og er ákærði í máli þessu sakadur um að hafa gjört tilraun til að nauðga þessari dóttur sinni til samræðis við sig. Það er í þessu efni sann að með eigin játningu ákærða, að hann hefir fleirum sinnum á árunum 1910 og 1911 reynt með fortölum að fá dóttur sína til að leyfa sér samræði við sig og að hann enn fremur hefir tvisvar sinnum beitt valdi í þessu skyni. Fyrri skiftið sem þetta átti sér stað var haustið 1910. Þá voru þau feðginin tvö ein heima. Tók þá ákærði dóttur sína á kné sér og fór að kyssa hana, en lagði hana síðan upp í loft þvers um yfir rúm þar við hliðina

á, þannig að fæturnir héngu niður á gólfið. Fletti hann hana síðan klæðum og leysti ofan um hana buxurnar og dró þær ofan á kné henni og lá ofan á henni á meðan, þannig að hann lá á knjánum á gólfinu, en efri hluti líkama hans hvíldi ofan á henni upp um brjóstin. Opnaði hann síðan buxnaklaufar sínar, en hún brauzt þá um og hótaði að segja móður sinni frá athæfi hans, og hætti ákærði þá við og hnepti sjálfur upp um hana buxunum, en Kristjana hljóp til móður sinnar og lét hana renna grun í hvað skeð hefði.

Síðara skiftið, sem ákærði beitti valdi til þess að komast yfir dóttur sína, var laugardagskvöld eitt litlu fyrir jól 1911. Voru þau feðginin þá ein saman á leið heim til sín frá Austmannsdal, en dimt var orðið og rigning. Er þau voru nýkomin á stað, tók ákærði í hönd dóttur sinni og fór að leiða hana, af því að sleipt var. Fór þá ákærði að mælast til við hana, að hún leyfði sér samræði við sig, en hún anzaði því engu. En er þau síðan komu að svonefndum Bakkastekk, leiddi ákærði dóttur sína inn í stekkin og tók báðum höndum utan um hana, og hélt henni fastri með vinstri hendinni, en með hægri hendinni tók hann upp pils hennar og hélt þeim upp með vinstri hendinni, leysti svo ofan um hana og reyndi að færa sundur læri hennar, en það tókst ekki, því að dóttir hans hélt þeim fast saman og ýtti ákærða frá sér með höndunum. Kannast ákærði við að hann hafi í þessum stympingum komið við dóttur sína innanlærs með hendinni, því þá hafi hún kallað upp að hún klegaði hann, en annars muni hann ekki eftir hverju handtaki sínu. En um þetta leyti rankaði hann við sér og slepti dóttur sinni, og fylgdust þau síðan að heim,

án þess frekar í skærast, en ákærði var þá ákaflega reiður dóttur sinni fyrir mótstöðuna, og sýnir það meðal annars, að ákærði hefir ekki horfið góðmótlega frá fyrirætlun sinni.

Því hefir verið haldið fram af talsmanni ákærða, að hann mundi vera svo veiklaður á geðsmunum, að hann gæti ekki borið ábyrgð gjörða sinna, en skýrslur málsins gefa ekki tilefni til að ætla, að um neinn slíkan sjúkdóm eða veiklun geti verið að ræða, og þó að ákærði fyrir nokkrum árum hafi ekki verið heill heilsu, þá hefir honum verið talin bötnuð sú vanheilsa fyrir löngu og ekkert borið á henni síðan, að því er upplýst virðist.

Með atferli því, er að framan er lýst, hefir ákærði, eins og héraðsdómarinn hefir álitð, gjört sig sekan um brot samkvæmt 162. gr. og 169. gr., sbr. 46. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og með því að refsingin fyrir það þykir hæfilega ákveðin í aukaréttardómnum, 1 árs betrunarhússvinna, og yfirdómurinn felst á málskostnaðarákvæði dómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er þykja hæfilega ákveðin 12 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Jón Jónsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins.

þar með talin málflytningu til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens, 12 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Ár. 1912, mánudaginn 11. nóvember.

Nr. 15/1912

Lárus Fjeldsted  
fyrir hönd  
Waldemar Petersens  
gegn  
F. C. Möller.

#### D ó m u r :

F. C. Möller umboðssali, sem stefndur er í máli þessu, var í bæjarþingi Reykjavíkur 14. des. f. á. dæmdur til að greiða umbjóðanda sínum, Waldemar Petersen stórkaupmanni í Kaupmannahöfn, oftekin umboðslaun kr. 793.34 með 6% ársvöxtum frá 16. maí f. á. til borgunardags, en málskostnaður var látinn falla niður. Þessum dómi hefir Lárus Fjeldsted yfirréttarmálaflutningsmaður, fyrir hönd Waldemars Petersens, áfrýjað til yfirdómsins, með stefnu dags. 16. apríl þ. á., og krafist þess, að krafa hans fyrir undirrétti á hendur stefnda, kr. 1694.28, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags, verði að fullu tekin til greina, og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi.